



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Forsætisráðuneytið
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg
101 Reykjavík

Reykjavík 23. apríl 2021

Efni: Mat á áhrifum sóttvarnaaðgerða á börn

Covid-19 faraldurinn hefur haft áhrif á öll svið daglegs lífs barna í íslensku samfélagi, en þær aðstæður sem nú eru uppi, hafa leitt í ljós kerfisbundna veikleika í íslenskri stjórnsýslu, sem koma í veg fyrir að ákvæði sammings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, Barnasáttmálinn, sbr. lög nr. 19/2013, séu virt í framkvæmd og að réttindi barna nái fram að ganga.

Fjöldmargar breytingar hafa verið gerðar á skóla- og tólmstundastarfi án þess að börn fengið upplýsingar við hæfi. Ákvarðanir sem hafa áhrif á börn hafa verið teknar án nokkurs samráðs við þau, samtök eða félag þeirra, eða þá aðila sem eiga að gæta hagsmuna barna, eins og t.d. embætti umboðsmanns barna. Þá eru vísbendingar um að ekki hafi verið lagt mat á áhrif ákvarðana á börn, jafnvel verulega íþyngjandi ákvarðanir, eins og um þvingaða vistun barna í sóttvarnahúsi, án möguleika til útivistar og afþreyingar.

Að mati umboðsmanns barna sýnir framangreint fram á nauðsyn þess að íslensk stjórnvöld stígi næstu skref í innleiðingu Barnasáttmálans, enda er ekki síst þegar vá steðjar að, sem hvað mikilvægast er að virða, vernda og tryggja réttindi barna, enda þekkt að í slíkum aðstæðum er heilsu og velferð barna hætta búin. Einsýnt má telja að verklag og ferlar, sem tryggja upplýsingagjöf til barna, þátttöku þeirra í ákvarðanatöku og mat á áhrifum á þau, hefðu nýst til að fyrirbyggja ýmis neikvæð áhrif sem sóttvarnaaðgerðir hafa haft á börn í íslensku samfélagi.

Á næsta ári stendur íslenska ríkið fyrir svörum hjá barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna, en meðal þess sem nefndin mun óska svara við, er hvernig íslenska ríkið hefur innleitt Barnasáttmálann á öllum sviðum samfélagsins og hvernig sáttmálinn hafi verið hafður að leiðarljósi í allri ákvarðanatöku um sóttvarnir og framkvæmd þeirra. Að öllu óbreyttu mun það reynast íslenskum stjórnvöldum erfitt að sýna fram á að ríkið hafi uppfyllt skyldur sínar sem aðildarríki Barnasáttmálans með því að tryggja og vernda hagsmuni og réttindi barna á ögurstundu.

Sem aðildarríki Barnasáttmálans ber stjórnvöldum að gera allar viðeigandi ráðstafanir á sviði löggjafar og stjórnsýslu, svo og á öðrum vettvangi, til að réttindi þau sem viðurkennd eru í sáttmálanum komi til framkvæmda. Meðal þess sem Barnasáttmálinn gerir kröfu um, er að allar ákvarðanir sem varða börn séu teknar út frá því sem þeim er fyrir bestu, að börn fái að taka þátt í ákvarðanatöku sem varðar þau, og að mat sé lagt á *allar* tillögur og breytingar sem geta haft áhrif á börn, út frá hagsmunum þeirra, réttindum og þörfum. Þannig gerir Barnasáttmálinn kröfu um að til staðar séu ferlar sem tryggi að sjónarmið barna rati inn í alla ákvarðanatöku sem varðar þau og að áhrif ákvarðana á börn liggi fyrir áður en þær koma til framkvæmda, þannig að unnt sé að fyrirbyggja möguleg neikvæð áhrif og grípa til mótvægisáðgerða í þeim tilvikum þar sem ekki er unnt að komast hjá slíkum áhrifum.

Virðingarfyllt,



Salvör Nordal,
umboðsmaður barna